

Innviðaráðuneytið  
Skúli Þór Gunnsteinsson  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2022  
Tilvísun: 202204064 / 2.1

---

**Efni: Undanþága frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar milli bygginga og vega og fjarlægð bygginga frá vötnum, ám eða sjó vegna íbúðarsvæði austan Árbæjarvegar Rangárþing ytra. Umsögn um beiðni um undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar.**

---

Innviðaráðuneytið hefur, með erindi dags. 26. apríl 2022, óskað umsagnar um beiðni um undanþágu frá gr. 5.3.2.5, lið d. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um fjarlægð bygginga frá stofn- og tengivegum, vegna byggingar íbúðarhúsnæðis og undanþágu frá gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/ 2013 um fjarlægð bygginga frá vötnum, ám eða sjó, vegna byggingar íbúðarhúsnæðis.

Sveitarfélag samþykkti á fundi þann 13. apríl 2022 að óska eftir að undanþágan heimili byggingarreiti á 17 lóðum í 22-62 metra fjarlægð frá Árbæjarvegi sem er tengivegur skv. Aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Erindinu fylgdi afrit af tölvupósti Rangárþings eystra dags. 20. apríl 2022 og tillaga að deiliskipulagi svæðisins, dags. 29. mars 2022 og uppdráttur í mkv. 1:2000/1:7000, dags. 8. apríl 2022. Í bókun sveitarfélagsins 13. apríl var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Ægissíðu í Rangárþingi ytra og samhliða að óska eftir undanþágu frá grein 5.3.2.5 við vegna fjarlægðar milli bygginga og vega.

Skv. Aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð í dreifbýli (ÍB33 – Ægissíða/Bjarg, Heiðarbrún).

Í rökstuðningi sveitarfélagsins kemur fram að svæðið frá Árbyrgi að Heiðarbrún hafi þegar verið skipt upp í lóðir og nú þegar eru þrjár deiliskipulagðar (frá árinu 2011-2021) þar sem fallist hafi verið á undanþágu að teknu tilliti til fjarlægðar frá vegi og ám. Sveitarfélagið telur ómögulegt að byggja upp umræddar lóðir nema til komi slík undanþága fyrir allar lóðir á svæðinu.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að framangreind undanþága vegna fjarlægðar frá vegi verði veitt en telur að ekki þurfi að veita undanþágu fyrir mannvirkjum nær vötum, ám eða sjó þar sem byggingarreitir sé ekki innan 50 metra sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð.

  
Berglind Sigurðardóttir

Afrit: Rangárþing ytra